

Fornleifaskráning í Þorgeirsstaðaklifum

- í landi Þorgeirsstaða og Efri-Fjarðar í Lóni Hornafirði

**ASKAFT-101674-Þorgeirsstaðaklif
2015**

-Vala Garðarsdóttir og Sigríður G. Björgvinsdóttir-

Skýrslugerð:
Ágúst-september 2015
Vala Garðarsdóttir og Sigríður G. Björgvinsdóttir
Forsíðumynd:
Brunnhorn, Kambhorn og Fjarðarfjall bera við Papafjörðinn
Skýrslunúmer: ASKAFT-101674:Þorgeirsstaðaklif

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1. Inngangur.....	4
2. Þorgeirsstaðaklif.....	5
3. Fornleifaskráning.....	8
4. Lokaorð.....	18
Heimildaskrá/Myndskrá/kortaskrá.....	21

Formáli

Við þessa skráningu var farið á vettvang í Papafirði og þau mannvirki mynduð og mæld upp sem enn eru sýnileg. Aflað var heimilda um fyrri búsetu og búskaparhætti á Þorgeirsstöðum og Efri-Firði, en fyrst og fremst var einblínt á Þorgeirsstaðaklif þar sem minjar um útræði og sjósókn Lónsmanna var um aldabil.

Rætt var við heimamenn og þá sem til þekkja í sveitinni. Signý Guðmundsdóttir frá Þorgeirsstöðum sagði okkur frá sínum æskuminningum um útræðið og veiðina í firðinum. Signý gaf okkur einnig teiknaða mynd sem hún gerði sjálf af þeim naustum og bátum sem þar sóttu sjóinn, sem er ómetanleg heimild. Einnig ræddum við við Vilhjálm Þórhallsson frá Efri-Firði um hans minningar, sögur og sagnir af útræði og veiði í sveitinni. Eigum við þeim miklar þakkir skyldar fyrir hjálpina.

Torfi Steinþórsson frá Hala skrifaði um sögu útræðis í Austur-Skaftafellssýslu í Skaftfellingi 1996, og var hann ómetanleg heimild að sama skapi.

1. Inngangur

Í Þorgeirsstaðaklifum standa enn við fjöruborðið þau mannvirki sem bera sögu útræðis og sjósóknar Lónsmanna vitni. Þessi mannvirki segja sögu horfins tíma þar sem lífsbjörgin var í fyrirrúmi. Oft á tíðum var hægara sagt en gert að færa björg í bú, því lítið mátti út af bera bæði til sjós og lands, svo ekki var hægt að róa til fiskjar eða rækta landið. Veðurfar hefur alla tíð verið hverfult hérlendis og hafa bændur þurft að bregðast skjótt við breytingum á náttúrufari. Sjósókn í Austur-Skaftafellssýslu ber þess greinileg merki og eru margar sögur af bæði sjó og landi sem staðfesta erfiða lífsbaráttu þeirra er hér byggðu.

Útræði í sýslunni hefur verið stundað frá öndverðu og eru margar munnmælasögur því til staðfestingar, ritaðar heimildir og það sem jörðin geymir.

Sýslan liggur suðvestur með ströndinni og eru þar fá byggð ból, sem eiga langan veg til sjávar. Má því segja að byggðin liggi vel við til að notfæra sér margs konar hlunnindi, sem einkum bjóðast í nálægð sjávar svo sem fisk- og hvalreka á fjörur, eggjatöku, fuglaveiði, silungsveiði í ám og vötnum, lúruveiði út við suma ósa og síðast en ekki síst fiskveiðar í sjó. Flest byggðarlög Austur-Skaftafellssýslu hafa í gegnum tíðina notið góðs af einhverjum áðurnefndra hlunninda og mörg hver notið þeirra allra að einhverju marki.

Ýmislegt var sameiginlegt með sjósókn úr öllum byggðarlögum sýslunnar. Lendingarskilyrði misjöfn og fiskimið misjöfn. Allsstaðar var farið að hugsa til róðra með góukomunni. Því þá gat fiskur verið genginn á miðin, þó oft gæti það dregist fram í marsbyrjun. Það voru þrjú teikn sem gátu gefið hugmynd um hvort fiskur væri genginn á grunnmið eða ekki. Þessi teikn voru: Sást fugl ganga á sjónum, var þorskur annað hvort heill eða selrífinn farinn að reka á fjörur og hvernig frönsku skúturnar höguðu sér á miðunum úti fyrir. En oftast fiskaðist samt svipað, þegar á sjó gaf. Sjóveður lét oft á tíðum standa á sér og það jafnvel svo að ekkert einsdæmi var að ekki gæfi á sjó fyrr en eftir sumarmál.¹ En þá gat líka allur fiskur verið horfinn af miðunum. Löngum var það venjan að eftir miðjan maí væri orðið fiskilaust. Þó gat út af brugðið þeim vana.

¹ Torfi Steinþórsson Skaftafellingur 11. árg. 1996

2. Þorgeirsstaðaklif

Frá svokölluðum Þorgeirsstaðaklifum í landi Þorgeirsstaða og Efri-Fjarðar í Lóni í Hornafirði hefur útræði verið stundað um aldir. Umhverfis klifin er brattur fjallahringur með skörðum og hvössum tindum og hafið blasir beint í mót. Papós fellur til sjávar vestast í Lónssveit úr Papafirði.

Samkvæmt visitasíu Brynjólfs biskups frá 1641² hefur verið búið á Þorgeirsstöðum svo vitað sé, frá upphafi 17. aldar. Einnig er sagt í jarðatali Ísleifs Einarssonar frá 1709 að þar hafi „fyrir löngu verið byggð úr Hvammsjörðu“,³ en eru aðrar heimildir um búsetu á Þorgeirsstöðum litlar sem engar.

Efri-Fjörður er eystri hluti jarðarinnar Fjörður. Talið er að Fjörður hafi upphaflega verið Papafjörður kenndur við fjörðinn sjálfan, en stytt í Fjörður er á leið. Jarðarinnar er getið í dómi frá 1480 og er hún þá nefnd Papafjörður.

Heimildum ber saman um það að bæði Þorgeirsstaðir og Efri-Fjörður hafi verið fremur landlítil og landrýr en góð aðstaða til sjósóknar og silungs-, sel, og lúruveiði í firðinum, sem var undirstaða sæmilegrar afkomu þeirra bænda er þar bjuggu. Í skjali frá 3.júlí 1556 er þess getið, að konungur hafi tekið í sína eign Bjarnarneseignir Teits ríka Gunnlaugssonar, þar á meðal Horn og Firði tvo. Þetta bendir til tvíbýlis í Firði. Í visitasíu Brynjólfs frá 1641⁴ er ritað að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika. Í manntali frá 1703⁵ er ábúandi Vilborg Sigmundsdóttir með 10 fullorðna í heimili. Síðan er jarðarinnar ekki getið fyrr en 1783 í skýrslum Jóns sýslumanns⁶ um eyðijarðir þar sem sagt er, „Efri-Fjörður fyrir löngu farinn í eyði vegna heyskaparleysis“.

Í sjósóknarlýsingu frá 1842⁷ er jörðinni Þorgeirsstöðum lýst svo, „jörðin er 5 hndr að dýrðleika, tún grasgefið, þýft og votlent. Engjar nokkrar, sem sjór flæðir yfir, þó nokkrum áföllum undirorpnar af lónburði. Þaðan er skammt til skipauppsáturs“.

Þorgeirsstaðaklif var helsti útróðrarstaður Lónmanna eins og áður sagði en fyrst og fremst þeirra sem heima áttu vestan Jökulsár, en einnig líka af bæjum úr miðri sveit. Jafnvel sótti bóndinn úr Viðidal, meðan búið var þar, sjó á Papós. Hefur það verið strembin sjávargata. Sjálfsagt hefur hann hafst við á einhverjum bænum vestan Jökulsár.

Bátarnir voru geymdir í Þorgeirsstaðaklifi, sem er innan við fjörðinn. En bíða varð eftir flóði til þess að koma bátunum í naust. Signý Guðmundsdóttir segir að allavega voru 8-9 bátum löngum róið frá Klifunum, en róðrum var haldið þar uppi fram til 1930. Á síðustu áratugum úthalds í Papafirði voru bátarnir sexæringar af færeyskri gerð og áhöfn þá 6-7 menn. Sumir

² Visitasía Brynjólfs biskups Ísleifssonar 1641

³ Jarðatal Ísleifs Einarssonar 1708-1709

⁴ Visitasía Brynjólfs biskups Ísleifssonar 1641

⁵ Manntal 1703

⁶ Jón Helgason, Eyðijarðir 1783.

⁷ Sjósóknarlýsing í A-Skaftafellssýslu 1842

bátarnir voru þó af minni gerð. Sjómenn þar notuðu segl eftir því sem við var komið. Það munu líka árabátar sem haldið var út frá Hornafjarðarós einnig hafa gert, en annars staðar varla að marki frá verstöðvum í Austur - Skaftafellssýslu. Þegar vel aflaðist seldu bændur eitthvað af saltfiski í verslun á Höfn.⁸ Helstu annmarkar á úthaldi frá Papós voru miklir straumar í ósnum og sviptivindar ofan úr fjallaskörðunum. Sæta varð því föllum til að fara um ósinn.

En svo segir Signý Guðmundsóttir frá Þorgeirsstöðum frá:

Upp úr aldamótunum 1900 var útræði frá Þorgeirsstaðaklifum og voru bátarnir geymdir í naustum. Fiskhús voru þar líka og var aflinn verkaður þar. Róið var til sjós út um Papós á 6-8 æringum á handfæri. Sæta varð flóðum til að komast út og inn. Í kringum 1928 mun þetta hafa lagst niður frá þessum stað.

Naustin talin frá austri er naust Sigurðar Ólafssonar frá Bæ og Sigurðar Jónssonar frá Krossalandi en þeir voru mágar og hét bátur þeirra Svanur. Fast við var naust sem Volasel hafði og hét þeirra bátur Loftur. Þá átti Hvammur þar naust en ekki er vitað um heiti á þeim bát, þessi þrjú naust eru mjög hrunin. Næst koma tvær tættur saman þá átti eystri Sigurður Einarsson í Þorgeirsstöðum, var það fiskhús sem verkað var í t.d. var steipt kar innst í því sem nú er búið að brjóta. Við hliðina var vöruhús sem Bæjarhreppur átti til geymslu á vörum. Stórir bátar sigldu með vörur inn Papós síðan var umskipað í minni bátana og róið á flóði með vörurnar til geymslu. Þessar tóftir voru báðar yfirbyggðar. Beint upp af tóftunum er kletturinn með landamerkjapúfunni fagur og grænni sem skilur Þorgeirsstaði og Efri-Fjörð. Svo kemur stóra naustið fyrir tvo báta, Sigurður í Þorgeirsstöðum átti þar bát sem Hafliði hét og var smíðaður í Færeyjum og Stafafell átti þar bát sem hét Bliki. Sagt er að Sigurður á Reyðará hafi smíðað hann.

Síðan kemur yfirbyggt sjóhús sem í var verkaður fiskur og áttu þeir það Guðjón Einarsson í Þorgeirsstöðum og Einar Snjólffsson í Efri-Firði. Beint niður af húsinu í fjöruborðinu var hlaðin steinbryggja sem lagst var að á flóði. Heitir víkin Skítavík. Beint upp af sjóhúsinu við klettinn er naust er Þorleifur Halldórsson frá Syðra-Firði átti, þá til heimilis í Byggðarholti. Svona 50 metrum vestur af Skítavík er naustið þeirra Guðjóns og Einars og hét báturinn Kári.

Þessi lýsing Signýjar er fersk í hennar minni og teiknar hún uppdrátt af svæðinu eins og það var á árabílinu 1920-1928 (sjá teikningu 1).

⁸ Torfi Steinþórsson, Skaftafellingur 11. árg. 1996

3. Fornleifaskráning

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Hornafjarðarsafna og stöðlum frá Minjastofnun Íslands.

Skráningarformið er því á þessa vegu:

Austur-Skaftafellssýsla-Landnúmer-Fornleif:001

Sem dæmi: [ASKAFT-160170:001]

Landnúmer Þorgeirsstaða og Efri-Fjarðar er í dag 101674 og því auðkennisnúmer í skráningunni.

[ASKAFT-101674:00-]

Eftirfarandi eru minjar sem mældar voru upp í Þorgeirsstaðaklifum:

Sýsla	Landnúmer	Auðkennisnúmer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk/Ástand	Myndir/kort
ASKAFT	101674	001	Gamlivegur	hleðsla	leið/vel greinilegt	1/2
ASKAFT	101674	002	Naustið	tóft	naust/greinilegt	2/1
ASKAFT	101674	003	Húsið	tóft	fiskhús,vöruhús/vel greinilegt	3/1
ASKAFT	101674	004	-	rutt svæði	uppsátur	4/1

ASKAFT	101674	005	-	gata	leið/vel greinileg	5/1
ASKAFT	101674	006	-	óþekkt	óþekkt	6/1
ASKAFT	101674	007	-	tóft	naust/vel greinilegt	7/1
ASKAFT	101674	008	-	rutt svæði	uppsátur	8/1
ASKAFT	101674	009	-	tóft	naust/vel greinilegt	9/1
ASKAFT	101674	010	-	rutt svæði	uppsátur	10/1
ASKAFT	101674	011	Bryggjan	hleðsla	bryggja/greinilegt	11/1
ASKAFT	101674	012	Sjóhúsið	tóft	fiskihús/vel greinilegt	12/1
ASKAFT	101674	013	-	tóft	naust/illgreinanlegt	13/1
ASKAFT	101674	014	-	tóft	naust/vel greinileg	14/1
ASKAFT	101674	015	-	rutt svæði	uppsátur	15/1
ASKAFT	101674	016	-	rutt svæði	uppsátur	16/1
ASKAFT	101674	017	-	rutt svæði	uppsátur	17/1
ASKAFT	101674	018	Þúfan	náttúruninjar	landamerki/vel greinileg	18/1 og 2

Þorgeirsstaðaklif bera greinleg merki um sjósókn hér áður. Þær byggingar og naust sem reist voru undir lok 19. aldar svo vitað sé, eru vel sýnileg þó ekki sé vitað með vissu hvort eldri mannvirki hafi verið á undan á sama stað. Nokkrum af þessum byggingum var vel við haldið um hríð en aðrar hafa fallið með tímanum eða verið felldar. Víkur og varir eru víða í Klifunum og má sjá ummerki um mannanna verk á þeim flestum. Tilgangurinn var eflaust að skorða bátana betur, skýla þeim eða afmarka svæðin þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir til skamms tíma. Án efa var tilgangurinn ærinn. Frá náttúrunnar hendi eru klifin mjög hentug til uppsáturs, klettabelti ganga beint til sjávar og mynda vegg sem menn nýttu sér til að byggja við eða leggja að. Stórgrýtt er undir hlíðum Þorgeirsstaðatinds og hefur því verið stutt í efnivið til byggingar.

ASKAFT-101674:001- Gamlivegur

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:001

Sérheiti: Gamlivegur

Tegund: hleðsla

Tegund annað: rutt svæði

Hlutverk: leið

Aldur frá: ekki vitað

Aldur til: 1970

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 0,2

Vegghæð til: 0.3

Lengd: 500m

Breidd: vegurinn er 3-4 metrar á breidd



Mynd 1- horft í vestur

Austast er Gamlivegurinn [001] frá Þorgeirsstöðum og að Klifunum. Hann liggur í austur-vestur fyrir neðan nýja veginn tæpa 200 metra norður af ströndinni. Upphaflegi vegurinn hefur verið lengri en sést í dag en vegna framkvæmda í nútíma hefur bæði austasti og vestasti hluti hans verið ruddur burt. Upphaflega hefur vegurinn eflaust verið markaður með grjótkæðu að sunnan- og norðanverð. Sjást þær enn á stöku stað en þó aðallega að sunnaverðu, eins og sést á myndinni að ofan (mynd 1). Vegurinn hefur eflaust átt sér undanfara af vögnum áður en bílar taka við.

ASKAFT-101674:002- Naustið

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:002

Sérheiti: Naustið

Tegund: tóft

Tegund annað: -

Hlutverk: naust

Aldur frá: 1890

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 0,3

Vegghæð til: 1.2

Breidd: 1.0



Mynd 2- horft í suður

Austast í klifunum er Naustið [101674:002](sjá mynd 2). Naustið eru þrjú samföst naust rétt við fjöruborðið. Tilheyrði Naustið skv. Signýju Guðmundsdóttur bændum á Bæ, Krossalandi og Volaseli (sjá að ofan lýsingu Signýjar). Tóftin stendur um 5 metra frá fjöruborðinu, er samtals 11 metrar frá austri til vesturs og um 9 metrar frá suðri til norðurs. Veggirnir hafa hrunið að mestu en grunnurinn stendur enn. Naustin eru opin að sunnanverðu og horfa til hafs líkt og venja er.

ASKAFT-101674:003

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:003

Sérheiti: Húsið

Tegund: tóft

Tegund annað: -

Hlutverk: Vöruhús/Fiskhús

Aldur frá: 1890

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 1.0

Vegghæð til: 1,80

Breidd: 1,8



Mynd 3- horft í suður

Vestan við Naustið [002] eru uppistandandi veggir af stærsta mannvirkinu í Klifunum [101674:003]. Þetta voru samföst hús í eigu Sigurðar Einarssonar í Þorgeirsstöðum (skv. Signýju). Austast var Fiskhús og var steipt kar innst í því húsi sem var brotið fyrir 1930 svo vöruhús í eigu Bæjarhrepps (sjá mynd 3). Var þetta eina yfirbyggða mannvirkið í Klifunum að sögn Signýjar. Veggirnir standa enn að mestu en hrunið hefur lítillega úr vestasta veggnum. Þakið hefur verið fjarlægt. Húsið stendur um 5 metra frá fjöruborðinu og er 12 metrar samtals frá austri til vesturs og 10 metrar frá suðri til norðurs. Húsið er opið að sunnanverðu og horfir til hafs líkt og venja er.

ASKAFT-101674:004

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:004

Sérheiti: -

Tegund: rutt svæði

Tegund annað: -

Hlutverk: uppsátur

Aldur frá: -

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: engin hætta

Vegghæð frá: -

Vegghæð til: -

Breidd: 12m



Mynd 4- horft í suðvestur

Beint undir Naustinu [002] er vík. Þessi vík er náttúruleg en hefur verið rutt að einhverju leiti. Hefur hún þjónað sem uppsátur og eru greinileg merki um hleðslur fremst í víkinni þar sem bátar hafa verið skorðaðir af eða festir.

ASKAFT-101674:005

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:005

Sérheiti: -

Tegund: Gata

Tegund annað: -

Hlutverk: leið

Aldur frá: 1890

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 0.2

Vegghæð til: 0.3

Lengd: 46m

Breidd: 3,5m



Mynd 5- horft í suður

Fyrir ofan Húsið [003] liggur leið að svæðinu. Er hún lögð með steinakeðju sitthvoru megin slóðans og er 46 metra löng og um 3-,3,5 metri að breidd. Leiðin liggur í norður-suður í átt að sjónum en hefur verið rofin að norðanverðu af mannavöldum á einhverjum tímapunkti.

ASKAFT-101674:006

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:006

Sérheiti: -

Tegund: tóft

Tegund annað: -

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: -

Aldur til: -

Friðlýst: nei

Ástand: illgreinilegt

Hætta: hættu

Vegghæð frá: 0.2

Vegghæð til: 0.3

lengd: 1.2

Breidd: 1,5



Mynd 6

Um 80 metra norður af fjöruborðinu fast vestan við slóða [005], er lítil hringlaga tóft. Hlutverk er óþekkt [101674:006] (sjá kort 2, mynd 6). Tóftin er um 1,5 metri í ummál. Ekki er þó loka fyrir það skotið að þetta sé náttúrulegt en ekki verður úr því skorið nema með frekari rannsókn.

ASKAFT-101674:007

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:007

Sérheiti: -

Tegund: tóft

Tegund annað: -

Hlutverk: naust

Aldur frá: 1890

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinilegt

Hætta: hættu

Vegghæð frá: 0.2

Vegghæð til: 1

Breidd: 1,7



Mynd 7- horft í suðvestur

Um 20 metra vestur af slóðanum [005] er klettaveggur sem liggur frá vegi og að sjó. Upp við þennan vegg að austanverðu hefur verið hlaðinn veggur úr torfi og grjóti. Þar hefur verið hægt að koma inn báti þó hátt lægi og segir Signý að þarna hafi verið naust [101674:007] frá Leiti. Þetta mannvirki virðist þó jafnvel eldra en hin sem hér eru skráð á undan. Má einnig geta þess að svæðið milli Húsa [003] og þessa nausts er ójafnt og virðist sem eitthvað gæti legið undir sverðinum, án þess að geta sagt það með vissu.

ASKAFT-101674:008

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:008

Sérheiti: -

Tegund: rutt svæði

Tegund annað: -

Hlutverk: uppsátur

Aldur frá: -

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinilegt

Hætta: -

Vegghæð frá: -

Vegghæð til: -

Breidd: 9m



Mynd 8- horft í austur

Beint suður af nausti [007] er náttúruleg vík sem rutt hefur verið að hluta og nýtt sem uppsátur [101674:008] (sjá kort 1 og mynd 8).

ASKAFT-101674:009

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:009

Sérheiti: -

Tegund: tóft

Tegund annað: -

Hlutverk: naust

Aldur frá: 1890

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 0.90

Vegghæð til: 1.2

Breidd: 1.5



Mynd 9- horft í suður

Rétt ofan og vestan við uppsátur [008] er naust [101674:009]. Var það sagt tveggja báta (sjá mynd 8). Liggur það um 4 metra frá fjöruborðinu og er opið til suðurs líkt og venja er. Veggirnir hafa hrunið nokkuð en eru þó vel greinilegir. Vegghæð er um 0.90 til 1.20m að hæð en veggjabreidd breiðust um 1,5 metri.

ASKAFT-101674:010

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:010

Sérheiti: -

Tegund: rutt svæði

Tegund annað: -

Hlutverk: uppsátur

Aldur frá: 0

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: -

Vegghæð frá: -

Vegghæð til: -

Breidd: 13m



Mynd 10- horft í suðvestur

Um 8 metra, suðvestan við naust [009] er önnur vík sem rutt hefur verið að hluta (sjá mynd 10). Hefur víkin líkt og aðrar við Klifarnar verið nýtt sem uppsátur [010].

ASKAFT-101674:011

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:011

Sérheiti: Bryggjan

Tegund: hleðsla

Tegund annað: steinalögn

Hlutverk: bryggja

Aldur frá: 1890

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: hættu

Vegghæð frá: 0.2

Vegghæð til: 0.6

Breidd: 2m



Mynd 11- horft í suður

Um 70 metra vestur af uppsátri [010] er hin svokallaða Skítavík og er mynni hennar um 23 metrar að lengd og um 17 metrar að dýpt. Í botni hennar fyrir miðju er Bryggjan [101674:011] Eru ummerki um hana ágætlega sýnileg. Um er að ræða nokkurskonar tungu sem er hlaðin niður af grasbakkanum og út í fjöruborð vökurinnar. Bryggjan er grjóthlaðin. Lengd um 5 metrar og breidd 2 metrar.

ASKAFT-101674:012

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:012

Sérheiti: Sjóhúsið

Tegund: tóft

Tegund annað: -

Hlutverk: Fiskhús

Aldur frá: 1890

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 1.2

Vegghæð til: 1.7

Breidd: 2m



Mynd 12- horft í vestur

Um 3 metra fast ofan við Bryggjuna er Sjóhúsið svokallaða [101674:012] og standa veggir þess enn (sjá mynd 12). Var fiskur verkaður og geymdur þarna að sögn Signýjar. Sjóhúsið er opið til suðurs og stendur mót hafinu líkt og venja er. Veggir standa en þó hefur hrunið lítillega úr norður-veggnum og fremst úr þeim eystri. Veggirnir eru 1-1.7 metri á hæð og breidd mest 2 metrar.

ASKAFT-101674:013

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:013

Sérheiti: -

Tegund: tóft

Tegund annað: -

Hlutverk: naust

Aldur frá: -

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: illgreinilegt

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 0,2

Vegghæð til: 0.4

Breidd: 0.80



Mynd 13- horft í norður

Um 6 metra norður af Sjóhúsinu [012] er tóft sem líklegast hefur verið naust [101674:013]. Er þetta mannvirki sennilega mun eldra en það sem er í nágrenninu. Er mannvirkið illgreinilegt. Þó sést móta fyrir hleðslu upp við klettavegginn sem það er byggt upp við. Ekki sést í grjóti en gras, mosi og lyng hefur vaxið vel á meintum grjóthleðslum. Hægt er að finna fyrir grjóti undir fæti ef gengið er á hinum meintu veggjum. Veggirnir eru frá 0.2-0.4 m og breiðastir um 0.80 m.

ASKAFT-101674:014

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:014

Sérheiti: -

Tegund: tóft

Tegund annað: -

Hlutverk: naust

Aldur frá: 1890

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: illgreinilegt

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 0,4

Vegghæð til: 0.7

Breidd: 2m



Mynd 14- horft í norðvestur

Um 45 metra vestur af Skítavík og um 6 metra beint upp af fjöruborðinu er vestasta naustið í Klifunum [101674:014]. Er það sagt hafa tekið einn stóran bát (sjá mynd 14). Þetta naust áttu þeir Guðjón frá Þorgeirsstöðum og Einar frá Efri-Firði. Veggirnir hafa hrunið þó nokkuð en grunnurinn er breiður og stöðugur. Vegghæð er frá 0.4 til 0.70m. Veggjabreidd mest um 2.0m. Naustið er opið að sunnanverðu og horfir suður til hafs líkt og venja er.

ASKAFT-101674:015

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:015

Sérheiti: -

Tegund: rutt svæði

Tegund annað: -

Hlutverk: uppsátur

Aldur frá: -

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: -

Vegghæð frá: -

Vegghæð til: -

Breidd: 9m



Mynd 15- horft í norður

Um 3 metra beint suður af nausti [014] er vík sem rutt hefur verið að hluta og nýtt sem uppsátur [101674:015].

ASKAFT-101674:016

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:016

Sérheiti: -

Tegund: rutt svæði

Tegund annað: -

Hlutverk: uppsátur

Aldur frá: -

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: -

Vegghæð frá: -

Vegghæð til: -

Breidd: 7m



Mynd 16- horft í suður

Um 30 metra beint vestur af uppsátri [015] er enn önnur vík sem rutt hefur verið að hluta og nýtt sem uppsátur [101674:016].

ASKAFT-101674:017

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:017

Sérheiti: -

Tegund: rutt svæði

Tegund annað: -

Hlutverk: uppsátur

Aldur frá: -

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: -

Vegghæð frá: -

Vegghæð til: -

Breidd: 5m



Mynd 17- horft í norðvestur

Um 20 metra beint vestur af uppsátri [016] er enn önnur vík sem rutt hefur verið að hluta og nýtt sem uppsátur [101674:016]. Þessi vík er þó töluvert breiðari en aðrar sem nýttar hafa verið til uppsáturs. Sjást ummerki um rutt svæði austast í vikinni. Svæðið sem rutt hefur verið til uppsáturs er um 10 metrar á dýpt en um 5 metrar á breidd. Víkin sjálf eru um 50 m á breidd.

ASKAFT-101674:018

Auðkennisnúmer: ASKAFT-101674:018

Sérheiti: Þúfan

Tegund: náttúruminjar

Tegund annað: -

Hlutverk: landamerki

Aldur frá: -

Aldur til: -

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinilegt

Hætta: -

Vegghæð frá: -

Vegghæð til: -

Breidd: -




Mynd 18- horft í vestur

Beint fyrir ofan Húsið [003], í beinni sjónlínu frá fjöruborði og að Þorgeirsstaðatindi er Þúfan sem markar landamerkin á milli Þorgeirsstaða og Efri-Fjarðar. Er þetta hundapúfa sem myndast hefur á hæsta klettinum undir Þorgeirsstaðatindi og því ágætis landamerki. Er hún grasivaxin um 0.4m á hæð og 0.5m í ummál.

4. Lokaorð

Frá Þorgeirsstaðaklifum hefur sjósókn verið stunduð um aldabil. Mannvirki sem þar standa enn í dag eru vitni um það. Frá náttúrunnar hendi er staðsetning þeirra tilvalin til útræðis þó fiskiganga og veðurfar hafi oft brugðið. Papafjörurnar sem loka af fjörðinn taka á sig mestu öldurnar frá úthafinu og verja Klifin af mesta briminu. Þurftu menn þó að sæta bæði sjávarföllum og straumum þegar út var róið. Þegar rólegt var í sjóinn var gengið út í fjörðinn með fötur og net þar sem lúran var veidd og silungur. Minnist Signý Guðmundsdóttir þess að það hafi að miklu leiti verið verk þeirra kvenna.

En löngum róið frá Papós, en róðrum var haldið þar uppi fram til 1930 eins og áður sagði. Á síðustu áratugum úthalds í Papafirði voru bátarnir sexæringar af færeyskri gerð og áhöfn þá 6-7 menn. Sumir bátarnir voru þó af minni gerð. Sjómenn á Papósi notuðu segl eftir því sem við var komið. Það munu líka árabátar sem haldið var út frá Hornafjarðarós einnig hafa gert, en annars staðar varla að marki frá verstöðvum í Austur - Skaftafellssýslu. Þegar vel aflaðist seldu bændur eitthvað af saltfiski í verslun á Höfn. Á síðust áratugum hefur sjávarútvegur tekið stakkaskiptum. Tækninni hefur fleygt fram með tilheyrandi breytingum og staðir sem Þorgeirsstaðaklif heyrir sögunni til.



kort 1



Kort 2

Heimildaskrá

1. Jón Helgason, Eyðijarðir í Skaftafellssýslu 1783.
2. Manntal Árna og Páls 1703.
3. Stefán Jónsson og Bjarni bjarnason, Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu 1976, 91-100.
4. Sjósóknarlýsing í Austur-Skaftafellssýslu 1842.
5. Torfi Steinþórsson, Skaftfellingur 11. árg. 1996, 34-41.
6. Vísitásiur Brynjólfs biskups Ísleifssonar 1641.

Heimildarmenn

1. Signý Guðmundsdóttir frá Þorgeirsstöðum
2. Vilhjálmur Þórhallsson frá Efri-Firði

Myndaskrá

Mynd númer	Mynd
001	Gamlivegur [001]
002	Naustið [002]
003	Húsið [003]
004	Uppsátur [004]
005	Slóði/leið [005]
006	Óþekkt [006]
007	Naust [007]
008	Uppsátur [008]
009	Naust [009]
010	Uppsátur [010]
011	Bryggja [011]
012	Sjóhúsið [012]
013	Naust [013]
014	Naust[014]
015	Uppsátur [015]
016	Uppsátur [016]
017	Uppsátur [017]
018	Þúfan-landamerki 018

Kort 1 – Kort af uppmældum minjum, landamerki og uppsátur/víkur frá [001-018]

Kort 2 – Yfirlitskort af svæðinu

Teikning

Teikning frá Signýju Guðmundsdóttur frá Þorgeirsstöðum

